

Mánudaginn 24. janúar 1994.

Nr. 19/1994.

Sigfinnur Sigurðsson

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Valgerði Jóhannesdóttur

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Gjaldprotaskipti. Kyrrsetning. Leiðbeiningarskylda. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 4. janúar sl. Kærugögn bárust Hæstarétti 13. janúar. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í málflutningi sínum fyrir héraðsdómi byggði sóknaraðili mótmæli sín gegn kröfu varnaraðila um gjaldprotaskipti fyrst og fremst á því, að hann hefði að fullu greitt skuld þá, sem krafa um kyrrsetningu eigna hans byggðist á. Einnig hélt hann því fram, að hin árangurslausa kyrrsetningargerð gæti ekki verið grundvöllur kröfu um gjaldprotaskipti, þar sem staðfestingarmál hefði ekki verið höfðað, sbr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Með skírskotun til raka héraðsdóms er niðurstaða hans um þessar málsástæður sóknaraðila staðfest.

Í kæru sinni til Hæstaréttar byggir sóknaraðili auk framangreinds á því, að við framkvæmd kyrrsetningargerðarinnar 23. september 1993 hafi fulltrúi sýslumanns ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart honum sem ólöglærðum aðila, sbr. 9. gr. laga nr. 31/1990. Þá hafi ekki verið farið eftir ákvæðum 13. gr. laganna, þegar fram komu mótmæli af hans hálfu gegn réttmæti kröfu varnaraðila.

Framkvæmd umræddrar kyrrsetningargerðar var áfátt að því leyti, að ekki var fullnægt leiðbeiningarskyldu gagnvart sóknaraðila,

og er það aðfinnsluvert. Það er ljóst af málflutningi sóknaraðila í þessu máli, að mótmæli hans hjá sýslumanni gátu ekki hindrað framgang gerðarinnar. Sóknaraðili hefur ekki borið það fyrir sig, að hin árangurslausa kyrrsetningargerð gefi ranga mynd af fjárhag hans, sbr. 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigfinnur Sigurðsson, greiði varnaraðila, Valgerði Jóhannesdóttur, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 9. desember sl.

Sóknaraðili málsins er Valgerður Jóhannesdóttir, kt. 110739-7619, Víðihlíð 28, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Sigfinnur Sigurðsson, kt. 160237-2959, Ásvallagötu 60, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að bú Sigfinns Sigurðssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta og jafnframt gerir hann kröfu um hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur að synjað verði um umkafið gjaldþrot hjá honum og jafnframt krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. september, krafðist Helgi Jóhannesson hdl. f.h. sóknaraðila, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili kvaðst eiga kröfu á hendur varnaraðila vegna launa fyrir mars, apríl og hálfan maí 1992, auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar fyrir sama tímabil vegna vinnu við fyrirtæki gerðarþola, Austurströnd sf., kt. 540788-2009. Í kröfu sinni um gjaldþrotaskipti er höfuðstóll skuldarinnar ásamt dráttarvöxtum og kostnaði greindur kr. 249.385,40. Að kröfu sóknaraðila var reynt að kyrrsetja eignir varnaraðila til tryggingar skuldinni, en þeirri gerð lauk án árangurs þann 23. september sl.

Krafa sóknaraðila var fyrst tekin fyrir á dómþingi þann 24. nóvember sl. Mætt var af hálfu varnaraðila og var kröfu sóknaraðila mótmælt. Var því þann 30. nóvember sl. þingfest mál þetta til úrlausnar um fram kominn ágreining, sbr. 168. gr. laga nr. 21/1991.

III.

Sóknaraðili kveðst hafa unnið hjá varnaraðila allt frá árinu 1987. Hafi hún unnið ýmis skrifstofustörf fyrir varnaraðila og hafi vinnutími hennar verið frá kl. 9–15 alla virka daga. Þegar fyrirtæki varnaraðila hafi hætt rekstri um miðjan maí 1992 hafi sóknaraðili ekki fengið greidd laun fyrir mánuðina mars, apríl og 1.–15. maí, en samkomulag hafi verið með aðilum um að starfslok yrðu um miðjan maí 1992. Sé það rangt sem komi fram í greinargerð varnaraðila að sóknaraðili hafi einungis unnið tvo tíma á dag í mars og hafi verið á atvinnuleysisbótum frá 1. apríl 1992. Hið rétta sé að sóknaraðili hafi starfað sinn samningsbundna vinnutíma allt til þess tíma er hún hætti störfum hjá varnaraðila þann 15. maí 1992. Við starfslok hafi sóknaraðili átt inni laun fyrir áðurgreint tímabil, en laun vegna febrúar 1992 hafi hún fengið með úttekt á ýmsum skrifstofubúnaði úr fyrirtækinu. Hefur sóknaraðili lagt fram lista yfir það sem hún kveðst hafa fengið og metur hún það á kr. 53.000 sem hún kveður að varnaraðili hafi samþykkt á sínum tíma. Sóknaraðili kveður að sér hafi ekki tekist að innheimta laun vegna tímabilsins með venjulegum innheimtuaðgerðum og hafi hún leitað til Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Hafi innheimtuaðgerðir þess ekki heldur borið árangur, og því hafi málið verið sent til lögmanns. Til að freista þess að tryggja kröfuna hafi verið „gerð“ kyrrsetning hjá varnaraðila þann 23. september 1992, en þeirri aðgerð hafi lokið án árangurs. Vegna þess að ábyrgðarsjóður launa beri ábyrgð á hinum vangreiddu launum sóknaraðila við gjaldþrot hafi sóknaraðili farið fram á gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila á grundvelli hinnar árangurslausu kyrrsetningar, og styður sóknaraðili kröfu sína við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

IV.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því að fyrirtæki hans hafi að fullu gert upp við sóknaraðila. Megi sjá af réttarskjali nr. 6 að öll laun til áramóta hafi verið að fullu greidd, því að sú bankakvittun beri með sér að verið sé að greiða fyrir janúar 1992. Hafi sóknaraðili sjálf séð um að greiða sér laun og vart hefði hún greitt sér janúarlaun á undan desemberlaunum. Hljóti því desemberuppbót að hafa verið greidd. Að öðru leyti kveður varnaraðili að

öll launakrafa sóknaraðila hafi verið greidd til vinnuloka með skrifstofuhúsgögnum, sbr. lista á réttarskjali nr. 7. Hafi varnaraðili í þinghaldi (sic) þann 23. september sl. við framkvæmd fjárnámsgerðar (sic) þeirrar, er sóknaraðili byggði kröfu sína um gjaldþrotaskipti á, haft þessar mótbárur uppi en deildarstjóri við embætti sýslumannsins í Reykjavík ekkert tillit tekið til þeirra.

Varðandi lagarök vísar varnaraðili helst til 168. gr. laga nr. 21/1991 og síðan til almennra reglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga. Varðandi málskostnaðarkröfu sína vísar hann til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í málflutningi kom lögmaður varnaraðila með þá málsástæðu, að þar sem sóknaraðili hefði ekki hirt um að höfða staðfestingarmál vegna umræddrar kyrrsetningar, væri kyrrsetningin niður fallin og því ekki unnt að byggja kröfu um gjaldþrotaskipti á henni. Lögmaður sóknaraðila mótmælti því ekki, að málsástæða þessi kæmist að, þótt seint fram kæmi. Jafnframt lýsti lögmaður varnaraðila því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann drægi í land með þá yfirlýsingu, sem fram kæmi í greinargerð varnaraðila, að sóknaraðili hefði verið á atvinnuleysisbótum frá 1. apríl 1992.

V.

Í 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 er kveðið á um heimild lánardrottins til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldara ef kyrrsetning hefur verið gerð hjá skuldarannum án árangurs að nokkru leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag. Jafnframt er áskilið að ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag skuldara.

Eins og fram kemur í 5. gr. laga nr. 31/1990, er ekki skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi leiði sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en synja skal um kyrrsetningu ef ætla verður af fyrirliggjandi gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja. Þann 23. september 1993 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík kyrrsetningarbeiðni sóknaraðila þessa máls á hendur varnaraðila þessa máls. Lauk gerðinni sem árangurslausri með vísan til 15. gr. laga nr. 31/1990 og fór því ekki fram kyrrsetning eigna skuldarans. Var því ekki ástæða fyrir sóknaraðila að höfða dómsmál samkvæmt VI. kafla laga nr. 31/1990 til staðfestingar kyrrsetningargerðinni.

Samkvæmt 65. gr. 2. mgr. 1. tl. var sóknaraðila heimilt að krefjast þess að búi skuldara, varnaraðila, yrði tekið til gjaldþrotaskipta, án þess að áður væri leitað álits dómstóla um kröfuna.

Sóknaraðili hefur lagt fram launaseðla vegna ársins 1991 og janúar og febrúar 1992. Eru föst laun sóknaraðila kr. 55.000 á mánuði alla þá mánuði,

og er fjárfrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila byggð á þeirri fjárhæð. Af fram lögðum launaseðlum má ráða, að ráðningarsamningur var milli aðilanna, enda er ekki ágreiningur um það, heldur um starfslok sóknaraðila. Sóknaraðili hefur haldið því fram að hún hafi verið í vinnu hjá varnaraðila til 15. maí 1992, er fyrirtækið hætti rekstri. Sóknaraðili hefur lagt fram ljósrít af innritunarskríteini Vinnumiðlunar í Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar og kemur þar fram að innritun hefst þann 19. maí 1992. Hefur varnaraðili ekki hnekkst þeirri staðhæfingu sóknaraðila um starfslok þann 15. maí 1992 og ekki stutt það neinum gögnum, að starfslok hafi verið fyrir þann tíma, og ekki lagt annað fram um það en yfirlýsingu vitnisins Sigurðar Sigurðssonar, sem starfaði í sama húsnæði og fyrirtæki varnaraðila var í, en vitnið hélt því fram að hann hefði ekki séð sóknaraðila á staðnum eftir páska 1992. Telst sú yfirlýsing vart sönnun um starfslok sóknaraðila.

Varnaraðili hefur haldið því fram að fyrirtæki hans hafi að fullu gert upp við sóknaraðila. Hafi hann greitt með húsgögnum, sem hann metur á kr. 150.000,00, og hefur lagt fram lista yfir þau húsgögn. Vitnið Sigurður Sigurðsson hefur upplýst það hér fyrir réttinum að hann hafi útbúið þennan lista og verðmetið húsgögnin. Vitnið var ekki starfsmaður varnaraðila, heldur, eins og að framan er getið, starfaði hann í sama húsnæði. Vitnið taldi sig einnig vita, að gert hefði verið upp við sóknaraðila, og byggði hann þá vitneskju á því sem hann sagði að varnaraðili hefði sagt sér á sínum tíma, en reyndar hefði sóknaraðili sagt sér hið gagnstæða. Þetta eru þau einu gögn sem varnaraðili hefur lagt fram því til sönnunar að krafa sóknaraðila sé greidd að fullu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, má telja að sóknaraðili hafi sýnt fram á það, að hann eigi kröfu á hendur varnaraðila vegna launa fyrir tímabilið mars–15. maí 1992. Það kann hins vegar að vera umdeilanlegt, hvort inn á þá kröfu hennar hafi verið greiddar kr. 150.000,00 eða kr. 53.000,00 eða hvort innborgun að fjárhæð kr. 53.000,00 hafi komið inn á laun vegna febrúar 1992.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir skilyrðum 2. mgr. 1. tl. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 fullnægt og því ekki hjá því komist að taka til greina kröfu sóknaraðila málsins að bú Sigfinns Sigurðssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 24.000, þar með talinn virðisaukaskattur.

Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú varnaraðila, Sigfinns Sigurðssonar, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 24.000 í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.
